



Samstarfssamningur

Aðilar að samningnum eru AkureyrarAkademían, kt. 450914-1500, og ReykjavíkAkademían, kt. 500506-0240.

Markmið og tilgangur

Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á:

- Samráðsfundi og málþing,
- Miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga,
- Rannsóknir og miðlun,
- Nýtingu aðstöðu og húsnæðis.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í samningnum.


Hlutverk aðila

- Að halda árlegan samráðsfund stjórnna stofnananna þar sem rætt er um sameiginleg hagsmunamál og hagnýtum og stjórnunartengdum upplýsingum miðlað.
- Að halda árlegt málþing stjórnna og fræðimanna um mál sem tengjast starfsemi fræðimanna á vettvangi stofnananna.
- Stjórnir hvetji til og liðki fyrir samstarfi fræðimanna um rannsóknir og miðli upplýsingum um fræðimenn og rannsóknir á vettvangi stofnananna.
- AkureyrarAkademían veitir fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu hjá ReykjavíkAkademíunni vinnuaðstöðu í húsnæði stofnunarinnar sé óskað eftir því og slíkt er mögulegt. Sömuleiðis veitir ReykjavíkAkademían fræðimönnum sem leigja vinnuaðstöðu í AkureyrarAkademíunni vinnuaðstöðu sé þess óskað og slíkt er mögulegt. Samstarfsaðilar útfæra nánar fyrirkomulag á gagnkvæmum afnotum fræðimanna af vinnuaðstöðu og miðla á sínum vettvangi.
- AkureyrarAkademían og ReykjavíkAkademían munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna eftir samkomulagi hverju sinni.


Gildistími

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Samningsaðilar geta sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Gert þann 21. apríl 2021



Aðalheiður Steingrimsdóttir
Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Framkvæmdastjóri ReykjavíkAkademíunnar